

ÚTFARARSTOFA OSWALDS



LÍKKISTUVINNUSTOFA EYVINDAR ÁRNASONAR
ADALSTRÆTI 4B • 101 REYKJAVÍK • KENNITALA 480896-2469 • SÍMI 5513485 • FAX 5513645


STOFNUD 1899

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 122/1394
komudagur 23/3 '98

Reykjavík, 21. mars 1998

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um dánarvottorð, 464. mál, heildarlög


Líkkistuvinnustofa Eyvindar Árnasonar þakkar fyrir beiðni um þessa umsögn. Umrædd lög eru bæði gagnleg og mjög þarft nýmæli sem ber að þakka. Fyrirtækið vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

- 1) Í þriðju grein er talað um andlát sem ætla má að tengist:
„...refsiverðu athæfi, sjálfsvígi eða andláti af völdum slyss..“
Skýrt þarf að koma fram að sjálfsvíg er ekki refsivert athæfi.
- 2) Í níundu grein er rætt um umönnun líks. Þar stendur í annari málsgrein:
„Lík má ekki leggja í kistu fyrr en það hefur verið skoðað og dánarvottorð ritað.“
Útfararstjóri setur gjarnan lík í kistu á dánarstað og flytur það þannig í líkhús. Líkið er að sjálfsögðu hægt að taka upp úr kistunni aftur ef svo ber undir, því algengt er að dánarvottorð sé, að beiðni læknis, fyrst ritað einum til tveim dögum síðar þegar dánarorsök liggur ljós fyrir. Málsgreinin ætti fremur að vísa til jarðsetningar eða bálfarar.
- 2) Í tíundu grein, fimmtu málsgrein, stendur m.a.:
„...má ekki gera útför nema sá sem hana annast hafi fengið slíka staðfestingu.“
Hér verður að standa: „...má ekki gera útför **eða bálför** nema sá..“.

Ég er reiðubúinn til að gefa frekari upplýsingar sé um það beðið.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar,


Davíð Ósvaldsson.